

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1121

Dagsetning: 11. ágúst 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðustu funda

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 23. júní 2026, 30. júní 2026 og 14. júlí 2026 voru teknar til umræðu og samþykktar samhljóða.

2. Verkefni framkvæmdastjórnar

Umræður um stöðu helstu verkefna framkvæmdastjórnar eftir sumarið og verkefnin framundan í haust.

3. Aðsend erindi

Fjallað var um boð heilbrigðisráðuneytisins um að HH tilnefni fulltrúa til þátttöku á námskeiði um uppsetningu og starfsemi EMT-teyma, sem haldið verður í Stokkhólmi í lok september. Ákveðið var að tilnefna annað hvort NSK eða RÓE sem fulltrúa HH. Einnig var farið yfir erindi tengt öryggisbirgðum heilbrigðisstofnanna á lyfjum, sem verður svarað á næstunni.

4. Hönnunarvinna

Farið var yfir stöðuna á yfirferð yfir útlit og framsetningu HH út á við, sem sérfræðingar hjá Hér & Nú hafa aðstoðað með. Næstu skref verða að senda út könnun á starfsfólk HH til að fá fram sjónarmið sem flestra og halda svo vinnufund með stjórnendum til að rýna nánar og varða leiðina fram á við.

5. Fjárhagsstaða HH

Rýnt var í fjárhagsstöðu HH eftir fyrstu sex mánuði ársins, sem er að mestu í samræmi við áætlanir. Farið verður yfir niðurstöðu fyrir hverja starfsstöð með stjórnendum allra eininga á næstunni.

6. Starfsheiðranir

Rætt var um breytingu á starfsheiðrunum. Starfsfólk sem náð hefur 20 ára starfsaldri verður heiðrað á athöfn í byrjun september.

7. Árshátíð HH

Fjallað var um niðurstöður könnunar meðal starfsfólks á kostum fyrir næstu árshátíð stofnunarinnar. Yfirgnæfandi meirihluti starfsfólks var hlynntur því að halda árshátíðina á föstudegi í stað laugardags eins og venjan hefur verið. Ákveðið var að halda árshátíðina föstudaginn 5. mars 2027 í Vör.

8. Upplýsingamiðstöð HH

Rætt var um vinnu við kostnaðaráætlun við að Upplýsingamiðstöð HH taki að sér vefbókanir fyrir bráð erindi fyrir allt landið.

9. Aðgengi að heilsugæslu

Umræður um aðgengi að heilsugæslupjónustu. Mínar síður Heilsuveru munu færast að fullu yfir á Ísland.is um miðjan september. Þar verður mögulegt að bjóða skjólstæðingum að óska eftir þjónustu hjá sinni heilsugæslustöð og greina frá erindinu. Þær óskir um þjónustu þyrfti svo að forflokka á hverri heilsugæslustöð þannig að rétt heilbrigðisstarfsfólk sinnti hverju erindi. Einnig var rætt um kynningu á þessu breytta verklagi fyrir skjólstæðingum og mögulegu samstarfi við aðra rekstraraðila heilsugæslustöðva á landinu.

Aðgerðir og verkefni

- Tilnefna þarf fulltrúa HH á námskeið um EMT-teymi, sjá lið 3.
Ábyrgð: NSK og RÓE
- Halda þarf áfram vinnu tengt yfirferð yfir hönnun og útlit HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: BJ
- Kynna þarf stöðu hvernar starfseiningar fyrir stjórnendum eininga, sjá lið 5.
Ábyrgð: HP
- Ljúka þarf skipulagningu fyrir viðburð fyrir starfsheiðranir, sjá lið 6.
Ábyrgð: KBM
- Halda þarf áfram undirbúningi fyrir árshátíð HH 2027, sjá lið 7.
Ábyrgð: KBM, BJ
- Halda þarf áfram vinnu við fjárhagsáætlun Upplýsingamiðstöðvar, sjá lið 8.
Ábyrgð: HP og RÓE
- Vinna þarf áfram að bættum aðgengismálum á heilsugæslustöðvum, sjá lið 9.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:45.